



# H Ú S A F R Í Ð U N A R N E F N D



# Á R S S K Ý R S L A 2010

Skýrsla um starf Húsafríðunarnefndar og yfirlit yfir  
styrkveitingar úr Húsafríðunarsjóði

Húsafríðunarnefnd 2010  
Nikulás Úlfar Másson

Myndir á forsíðu:

Hús sem friðuð voru á árinu 2010:  
Grandagarður 2, Alliance, Reykjavík;  
Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24, Reykjavík;  
Skáli Ferðafélags Íslands, Hvítárnesi;  
Framnesvegur 20-26B, Bankahúsin, Reykjavík;  
Laufásvegur 7, Þrúðvangur, Reykjavík;  
Laugavegur 12, Reykjavík; Hringbraut 35-49, Reykjavík;  
Gljúfrasteinn, Mosfellsbæ;  
Bergstaðastræti 1, Reykjavík.

Prentvinnsla og hönnun  
Prentsmiðjan Oddi

*Öll réttindi áskilim.  
Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið.*

## Ávarp

Undanfarin ár hefur skilningur aukist mjög á mikilvægi þess að vernda þann hluta byggingararfsins sem talinn er hafa gildi í sögu þjóðarinnar. Þetta er sýnilegt í nokkrum nýsamþykktum aðalskipulögum sveitarfélaga, þar sem kveðið er á um hverfisvernd einstakra húsa, götummynda og jafnvel stærri svæða. Nú eru um 10 stærstu sveitarfélögin á Íslandi að láta vinna húsakönnun. Með víðtækri þekkingu á byggingarfinum eru ákvarðanir teknar á grunni upplýsts mats á varðveislugildi hans. Hingað til hefur þessi vinna einskorðast að mestu við þéttbýlið.

Manngert umhverfi í dreifbýli hefur tekið breytingum síðan landnám hófst með samverkan manns og náttúru og heldur áfram að breytast og þróast. Þetta lifandi umhverfi varðveitir menningarsögu þjóðarinnar í formi sögulegra sérkenna, staðbundinna einkenna, fornleifa og byggingarhefðar. Saman mynda þessir þættir fjölbreytileika, sérstöðu, fegurð og staðarímynd íslenskra sveita. Mikilvægt er að farið sé að huga að verndun þessa menningararfs, en hann er óaðskiljanlegur hluti af sameiginlegum arfi okkar allra.

Segja má að hin íslenska sveit hafi tekið stakkaskiptum á 20. öld og að breytingarnar hafi verið víðtækari en allar aldinar þar á undan. Þessar breytingar voru knúnar áfram af hagrænum þrýstingi; vegna nýrrar tækni og breyttra vinnsluaðferða, en ekki síður vegna flutnings fólks af landsbyggðinni og á mölina. Þess vegna eiga menningarsögulegar minjar í dreifbýli meira undir högg að sækja nú en áður.

Í verndun menningararfsins felast fjölmörg tækifæri fyrir hinar dreifðu byggðir, s.s. fjölgun starfa og stuðningur við sjálfbæra menningartengda ferðaþjónustu auk þess sem hún stuðlar að samheldni byggða og eykur lífsgæði almennings, hvort sem er í dreifbýli eða þéttbýli.

Hraði breytinga og aðsteðjandi hætta er svo mikil að bregðast ber snarlega við ef ekki á að tapa óbætulegum menningarminjum vegna óðagots og skorts á þekkingu. Niðurrifsbeiðnum til Húsafriðunarnefndar vegna eyðibýla og ónotaðra húsa á bújörðum hefur fjölgað mjög að undanfögnu. Ljóst má vera að ekki er mögulegt að varðveita öll hús í dreifbýli og er það því mjög mikilvægt að þekking á byggingum í dreifbýli verði aukin með gerð húsakannana. Þannig verði lagt mat á hús og húsasamstæður á landsbyggðinni og leitast við að vernda til komandi kynslóða þau hús sem talin eru hafa mikið varðveislugildi.

Húsafriðunarnefnd hefur styrkt gerð húsakannana í þéttbýli undanfarin ár en miklu minna hefur verið um gerð húsakannana í dreifbýli. Á þessu ári styrkti Húsafriðunarnefnd verkefni sem kallað er *Eyðibýli á Íslandi*, sem felst í því að skoða, ljósmynda og meta gildi allra eyðibýla á landinu og einnig er hafin gerð húsakannana á nokkrum stöðum í dreifbýli. En betur má ef duga skal.

Mikilvægt er að farið sé að huga að því hvernig megi koma til móts við þá sem hafa hug á því að gera endurbætur á eldri, varðveisluverðum húsum á landsbyggðinni og nýta, hvort sem er sem heilsársbústaði eða til skemmri dvalar yfir sumarmánuðina. Framkvæmdir við endurnotkun, endurbætur og varðveislu byggingararfsins er hlutfallslega mannfrekari en nýframkvæmdir og stuðla því að meiri atvinnu. Reynslan sýnir að opinberir styrkir og afslættir af opinberum gjöldum vegna slíkra framkvæmda laða fram margfaldað framlag frá einkaaðilum. Með eflingu þessara þátta er varðveisla mikilvægra mannvirkja í menningarsögu þjóðarinnar tryggð auk þess sem fjárfesting í menningararfi hefur bein áhrif á vöxt menningartengdrar ferðaþjónustu sem leiðir til efnahagslegra hagsbóta til framtíðar.



*Nikulás H. Músson*

## Húsafríðunarnefnd

Húsafríðunarnefnd skiptist annars vegar í fagnefnd þar sem situr einn fulltrúi tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands, einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og þrír án tilnefningar, skipaðir af mennta- og menningarmálaráðherra og hins vegar í stofnun sem fer með þá stjónsýslu er varðar meðferð húsverndar á Íslandi. Í lögum um húsafríðun er kveðið á um hlutverk, ábyrgð og skyldur þessara eininga en verkaskipting milli þeirra er ekki nánar skilgreind. Forstöðumaður Húsafríðunarnefndar (stofnunarinnar) hefur virkað sem framkvæmdastjóri fagnefndarinnar, sem hefur sinn formann. Er skipunartími nefndarmanna fagnefndarinnar lauk í lok ársins 2009 var hann ekki endurnýjaður og tóku nýir fulltrúar sæti í nefndinni í upphafi ársins 2010.

Í Húsafríðunarnefnd eiga sæti Hjörleifur Stefánsson arkitekt, sem er formaður nefndarinnar, Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt, sem er varaformaður, Snorri Freyr Hilmarsson leikmyndateiknari, Margrét Leifsdóttir arkitekt og Eva María Jónsdóttir dagskrárgerðarmaður.

Varamenn eru þau Júlíana Gottskálksdóttir forstöðumaður Listasafns Einars Jónssonar, Sigurður Einarsson arkitekt, Magnús Skúlason arkitekt og Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þjóðminjavörður hefur seturétt á fundum nefndarinnar.

## Húsafríðunarsjóður

Húsafríðunarnefnd stjórnar Húsafríðunarsjóði, en hlutverk sjóðsins er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum og til húsa sem hafa menningarsögulegt og listrænt gildi að mati Húsafríðunarnefndar. Sjóðurinn styrkir einnig verkefni sem stuðla að rannsóknum á íslenskum byggingararfi og útgáfu rita um hann.

Húsafríðunarnefnd úthlutar styrkjum úr Húsafríðunarsjóði samkvæmt reglugerð um sjóðinn.

Umsóknarfrestur í sjóðinn skal að jafnaði hefjast 15. október ár hvert og þurfa umsóknir að berast fyrir 1. desember. Fjárframlög til sjóðsins koma annars vegar af fjárlögum og hins vegar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

## Starfssvið Húsafríðunarnefndar

Húsafríðunarnefnd starfar samkvæmt lögum um húsafríðun nr. 104/2001. Tilgangur laganna er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi. Hlutverk Húsafríðunarnefndar er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar. Því hlutverki sinnir hún með margvíslegum hætti, m.a. með því að:

- móta stefnu í húsverndunarmálum,
- meta hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til menntamálaráðherra,
- fara yfir umsóknir um breytingar, viðhald og endurbætur á friðuðum húsum,
- hafa eftirlit með friðuðum húsum og þeim framkvæmdum sem nefndin styrkir,
- gefa álit á áformum um breytingar, flutning eða niðurrif húsa sem reist eru milli 1850 og 1918,
- stjórna húsafríðunarsjóði og veita úr honum styrki samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins,
- halda skrá yfir friðuð hús í landinu,
- veita ráðgjöf og fræðslu um viðhald og varðveislu gamalla húsa,
- stuðla að gerð húsakannana og útgáfu þeirra,
- standa fyrir byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

## Starfsmenn Húsafríðunarnefndar

Forstöðumaður Húsafríðunarnefndar er Nikulás Úlfar Másson, arkitekt.

Aðrir starfsmenn: Guðlaug Vilbogadóttir fornleifafræðingur og Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt.

Í janúar 2010 var vinnuhlutfall Guðmundar Lúthers Hafsteinssonar aukið úr 70% í 100%.

Ingi Már Úlfarsson var ráðinn tímabundið í skráningarvinnu.



## Starfsemi 2010

Haldnir voru 11 fundir í Húsafríðunarnefnd á árinu 2010.

Erindin voru fjölbreytt sem endranær, beiðnir um ráðgjöf, breytingar og niðurrif einstakra húsa sem og óskir sveitarfélaga um umsagnir vegna tillagna að deili- og aðalSKIPULAGI vítt og breytt um landið. Fjölmargar friðaðar kirkjur komu til umfjöllunar á árinu og má af þeim helst nefna: Ólafsvallakirkja (ný útihurð), Krísuvíkirkirkja (endurgerð eftir bruna), Búrfellskirkja (endurbætur), Hofskirkja Öräfum (bygging hótels úr gámum í næsta umhverfi), Stokkseyrarkirkja (endurbætur), Kirkjuvogskirkja (endurbætur), Akrakirkja (málun), Svínavatnskirkja (málun), Bjarnarhafnarkirkja (endurbætur), Hrunakirkja (endurbætur), Bænhúsið Furufirði (endurbætur), Þingvallakirkja (viðhald), Eskifjarðarkirkja, eldri (endurbætur/endurbygging), Hjaltastaðakirkja (málun innra byrðis), Hvammskirkja Norðurárdal (endurbætur) og Stafholtskirkja (endurbætur) auk þess sem veitt var ráðgjöf vegna breytinga og viðhalds á þremur kirkjum sem ekki eru friðaðar, Kvinnabrekkukirkju, Sæbólakirkju og Seyðisfjarðarkirkju. Af friðuðum húsum sem komu til umfjöllunar má helst nefna: Skriðuklaustur (gerð sólskála), Landakotsskóli (flóttaleiðir), Viðeyjarstofa (fundað með eldvarnareftirliti vegna flóttaleiða), Gamli barnaskólinn, Hólmavík (endurbætur), Laxdalshús, Akureyri (málun innan húss), Listasafn Einars Jónssonar (viðbygging), Stjórnarráðshúsið, Lækjargötu (nýtt eldhús), Háskóli Íslands (ný lyfta og hellulögn), Salthúsið, Þingeyri (endurbygging), Heilsuverndarstöðin í Reykjavík (endurbætur og breytingar innanhúss) og Samkomuhúsið, Akureyri (ný sviðshurð). Þá komu erindi um fjölmörg önnur hús til umfjöllunar og afgreiðslu hjá Húsafríðunarnefnd. Af þeim skal helst nefna: Laugavegur 4-6 (allsherjar endurbætur), Austurstræti 22/Lækjargata 2 (endurbyggingar eftir bruna), Englendingavík, Borgarnesi (allsherjar endurbætur), Tangi, Fáskrúðsfirði (innréttingar og málun), Gúttó, Hafnarfirði (endurbætur ytra byrðis), Lækjargata 8, Reykjavík (fært til fyrra horfs), Hverfisgata 45, Reykjavík (endurbætur), Hafnarstræti 18, Reykjavík, Gamla bakaríð, Ísafirði (allsherjar endurbætur), Herkatalinn, Ísafirði (endurbætur), Þingholtsstræti 2-4 (allsherjar endurbætur), Fell, Vestmannaeyjum (endurbætur), Lög-reglustöðin í Reykjavík (ný klæðning), Kirkjuvoll, Reykjavík (ytra byrði færtil fyrra horfs), Þórshamar, Seyðisfirði (endurbætur), Hafnargata 11, Ríkið, Seyðisfirði (hvatt til endurbóta og viðhalds), Tjarnargata 37 (endurbætur og viðbygging), Norðurkot á Vatnsleysuströnd (endurbætur innan húss) og Hof á Höfðaströnd (endurbætur).

Á árinu barst erindi til Húsafríðunarnefndar, þar sem óskað var eftir heimild til að rífa húsið að Hafnarstræti 98 á Akureyri og byggja upp að nýju í sömu mynd, en úr steinsteypu. Húsið var friðað árið 2007. Forstöðumaður átti fundi með bæjarstjóra Akureyrar og eigendum vegna þessa, þar sem skýrt kom fram að erindið væri á skjön við



Ólafsvallakirkja



Búrfellskirkja



Landakotsskóli



Hvammskirkja



Hjaltastaðakirkja



Hafnarstræti 98, Akureyri



Tangi, Fáskrúðsfirði



Þinghóltsstræti 2-4, Reykjavík



Hóll, Húsavík



Barnaskólim Hólmanvík

tilganginn með friðun húsa og hvatt til þess að ástand hússins yrði skoðað gaumgæfilega og þá hvort fótur væri fyrir því að það væri eins illa farið og látið var í veðri vaka. Í ljós kom að húsið er vel viðað og ástand grindar þess gott. Hafin er vinna við endurbætur hússins og er stefnt að því að færa ytra byrði þess í sem næst upprunalegt horf.

Í september barst beiðni um umsögn vegna fyrirhugaðs niðurrifs hússins Hóls á Húsavík. Forstöðumaður átti fundi með Gauki Hjartarsyni skipulags- og byggingarfulltrúa, Tryggva Jóhannssyni framkvæmda- og þjónustufulltrúa og Sveini Hreinssyni umsjónarmanni fasteigna Norðurþings þann 28. október. Allt kom fyrir ekki og samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings niðurrif hússins þrátt fyrir tilmæli Húsafriðunarnefndar um gildi þess og varðveislu.

Í desember átti forstöðumaður fund með bærarstjórn Seyðisfjarðar. Tilfnið var að fjármálaráðuneytið hafði boðið Seyðisfjarðarbæ Gamla Sjúkrahúsið til eignar. Ástand hússins og nauðsynlegar endurbætur voru ræddar á fundinum auk þess sem staða varðveisluverðra húsa á Seyðisfirði var rædd almennt, s.s. Hafnargata 11, Ríkið, sem hefur látið verulega á sjá vegna skorts á viðhaldi.

Fjöldmörg deili- og aðalskipulög voru send Húsafriðunarnefnd til umsagnar. Af deiliskipulagstillögum skal helst nefna: Deiliskipulag Menntaskólareits í Reykjavík, Þinghúshöfði í Stykkishólmi, miðbær Akureyrar, austurhluti, deiliskipulag Bakkahverfis á Seltjarnarnesi og Stafholt í Borgarfirði. Af aðalskipulagstillögum skulu nefndar: Tjörneshreppur, Árborg, Norðurþing, Eyja- og Miklaholtshreppur og Skorradalur.

Oft kemur upp sú staða að ástand húss eða fyrirhugaðar breytingar kalla á skjót viðbrögð að varðveita og skrá upprunalegt eða núverandi ástand þess. Húsafriðunarnefnd lét mæla upp og teikna tvö hús á sinn kostnað á árinu: Miðhús í Reykhólasveit (Jon Nordsteien arkitekt) og Kollabær í Fljótshlíð (Keith Daly arkitekt).



Uppmælingateikning eftir Keith Daly arkitekt af Kollabæ í Fljótshlíð.

Forstöðumaður og formaður óskuðu eftir fundum með nokkrum aðilum til að ræða ástand og stöðu þeirra mannvirkja sem féllu undir umráð viðkomandi:

**2. febrúar:** Fundur með Ólöfu Örvarsdóttur skipulagsstjóra Reykjavíkur þar sem umfjöllunarefnið var staða skipulags í miðborg Reykjavíkur.

**11. febrúar:** Fundur með Karli Kristjánssyni aðstoðarskrifstofustjóra Alþingis um mál-efni Alþingisreits. Karli var afhent bréf, með undirskriftum allra fulltrúa í Húsafriðunarfnd auk forstöðumanns og Þjóðminjavarðar.

**9. mars:** Fundur með Katrínu Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra, Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra, Stefáni Thors skipulagsstjóra og Þórhalli Vilhjálmssyni lögfræðingi, þar sem komið var á framfæri tillögu um að í fyrirliggjandi frumvarpi um ný Skipulagslög yrði sett ákvæði um það að heimildir í deiliskipulagi mynduð ekki sjálfkrafa eignarétt sem farið væri með og lytu sömu lögmálum og þegar byggt mannvirki.

**13. október:** Fundur með Ólöfu Örvarsdóttur skipulagsstjóra og Páli Hjaltasyni formanni skipulagsráðs Reykjavíkur um fyrirhugaða samkeppni um heildarhönnun Ingólfstorgs. Komið var m.a. á framfæri þeirri ósk að í dómnefndina væru skipaðir aðilar sem reynslu hefðu af vinnu við varðveisluverð hús.

**14. desember:** Fundur með Jóni Þorvaldssyni og Vigni Albertssyni frá Faxaflóahöfnum, Jóhannesi Kjarval f.h. skipulagsstjóra Reykjavíkur og Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur borgarminjaverði. Tilfnið var nýleg uppfylling við Ingólfsgarð, sem hlaðinn var árið 1913, og meðferð elstu hafnarmannvirkja í Reykjavíkurhöfn almennt. Á næsta fundi sínum, þann 16. desember, samþykkti Húsafriðunarnefnd að hefja vinnu við tillögu að friðun varðveisluverðra mannvirkja í Reykjavíkurhöfn.

Forstöðumaður tók þátt í tveimur hugarflæðisfundum á árinu, annars vegar að tilstuðlan skipulagsstjóra Reykjavíkur vegna vinnu við Aðalskipulag Reykjavíkur, þann 16. febrúar að Kjarvalsstöðum og hins vegar á vegum mennta- og menningarmálaráðherra, Menningarlandið 2010, þann 30. apríl á Hótel Loftleiðum. Þá tók forstöðumaður þátt í undirbúningsvinnu varðandi Völundarverk í Reykjavík.

**Til Húsafriðunarnefndar bærust eftirfarandi erindi um niðurrif húsa:**

- Ytri-Hjarðardalur, Öndurarfirði
- Lækjargata 11, Akureyri
- Hóll, Húsavík
- Hnífsdalsvegur 10, Ísafirði
- Skólavörðustígur 40, Reykjavík
- Laxárdalur, Pistilfirði
- Míkladalsvegur 5, Patreksfirði
- Hólmakot, Borgarbyggð
- Sjóskúrar, Neskaupstað
- Brekkugata 13, Þingeyri
- Strandgata 11, Ólafsfirði

**Til Húsafriðunarnefndar bærust eftirfarandi erindi um flutning húsa:**

- Míðhús, Reykhólasveit
- Vonarstræti 12, Reykjavík
- Bergstaðastræti 12, Brenna, Reykjavík
- Tryggvagata 12, Exeter, Reykjavík
- Sólfell, fiskþurrkunarhús, Reykjavík

Um afgreiðslur allra ofantalda erinda vísast í fundargerðir Húsafriðunarnefndar á husafriðun.is



Ytri-Hjarðardalur, Öndurarfirði



Hólmakot, Borgarbyggð



Fiskþurrkunarhúsið Sólfell við Kirkjusand, Reykjavík



Míðhús flutt úr Reykhólasveit í Bjarnarfjörð í Strandasýslu



# Innra starf á árinu 2010

## Heimasíða

Samningur var gerður við Loftmyndir árið 2008 um afnot af loftmyndum þar sem hægt er að skoða staðsetningu allra friðaðra húsa á landinu og umhverfi þeirra. Á árinu 2010 voru loftmyndirnar og viðmót við skoðun þeirra uppfært. Á árinu var jafnframt unnið áfram við þróun heimasíðunnar þannig að helstu upplýsingar er varða húsvernd og húsafriðun, skrár, fræðsla og ráðgjöf, verði aðgengilegar almenn- ingi.

## Skrá yfir friðuð hús

Samkvæmt sérstökum samningi milli Húsafriðunarnefndar og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins ber Húsafriðunarnefnd að halda skrá yfir friðuð hús á Íslandi. Tekin hefur verið saman skrá yfir friðuð hús og er hún aðgengileg á heimasíðunni. Á árinu var haldið áfram að fullvinna skrána, þ.e. með viðeigandi upplýsingum um hvert hús og ljósmynd.



## Umsóknareyðublað fyrir Húsafriðunarsjóð

Umsóknareyðublað fyrir Húsafriðunarsjóð sem gerir umsækjendum kleift að sækja um styrk til sjóðsins á heimasíðu Húsafriðunarnefndar var lagfært enn frekar á árinu. Allt miðar að því að einfalda umsóknarferlið eins og framast er kostur. Var lýst yfir nokkurri ánægju með það.

## Húsakannanir

Verið er að vinna húsakannanir í um 10 stærstu sveitarfélögum landsins skv. leiðbeiningum og skráningarkerfi Húsafriðunarnefndar, með styrk úr Húsafriðunarsjóði.

Húsafriðunarnefnd tók þátt í vinnu við að útbúa skráningarkerfi fyrir húsakannanir í Sarpi, miðlægum gagnagrunni minjavörslunnar á Íslandi.



## Úthlutunarreglur fyrir Húsafriðunarsjóð

Tillaga að breytingum á gildandi reglum fyrir Húsafriðunarsjóð voru sendar til mennta- og menningarmálaráðherra. Fólust þær aðallega í því að í stað orðsins viðhald í reglunum skuli koma orðið endurbætur. Þetta er talið mikilvægt, þar sem að jafnaði eru ekki veittir styrkir til verkefna sem talist geta almennt viðhald.

## Skjalavarsla

Unnið var áfram í því að færa eldri gögn, myndir og skjöl inn í Gagnasafn Húsafriðunarnefndar, sem tekið var upp árið 2008. Hefur þessi vinna létt til muna alla afgreiðslu á skrifstofu Húsafriðunarnefndar auk þess sem skjallag gögn verða aðgengilegri fyrir notendur og varðveisla þeirra er tryggð til framtíðar.



# Útgáfa

## Kirkjur Íslands

Á árinu komu út tvö ný bindi, nr. 15 og 16, í ritröðinni Kirkjur Íslands. Í þeim er fjallað um friðaðar kirkjur í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, alls 16 kirkjur. Kirkjur Íslands eru gefnar út í samstarfi við Biskupsstofu, Þjóðminjasafn Íslands og Hið íslenska bókmenntafélag, í samvinnu við minjasöfn og prófastsdæmi á hverju svæði. Gert er ráð fyrir að fullbúin verði ritröðin 26 bindi og að lokið verði við ritröðina með útgáfu um friðaðar kirkjur í Vestjarðarprófastsdæmi, árið 2015.

Í bindum nr. 15 og 16 er fjallað um eftirtaldar friðaðar kirkjur, ásamt gripum og minningarmörkum í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi: Bjarnarhafnarkirkju, Búðakirkju, Dagverðarneskirkju, Helgafellskirkju, Hjarðarholtskirkju, Hvammskirkju, Ingialdshólskirkju, Narfeyrarkirkju, Rauðamelskirkju, Setbergskirkju, Skarðskirkju, Snóksdalskirkju, Staðarfellskirkju, Staðarhólskirkju, Staðarhraunskirkju og Stykkishólakirkju.

Höfundar eru Árni Björnsson, Guðmundur Lúther Hafsteinnsson og Þór Magnússon, en Ívar Brynjólfsson tók ljósmyndir og umsjón mynda var í höndum Ingu Láru Baldvinsdóttur. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Nikulás Úlfar Músson forstöðumaður Húsafríðunarnefndar, Karl Sigurbjörnsson biskup og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt skipa ritnefnd og er Þorsteinn jafnframt ritstjóri auk Jóns Torfasonar.

### Áður hafa komið út eftirtalin rit í ritröðinni Kirkjur Íslands:

**Rit 1 (2001):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Hrepphólakirkja, Hrunakirkja og Tungufellskirkja.

**Rit 2 (2002):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Hraungerðiskirkja, Ólafsvallakirkja, Stóra-Núpskirkja og Villingaholtskirkja.

**Rit 3 (2002):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Bræðratungukirkja, Búrfellskirkja, Miðdalskirkja, Mosfellskirkja og Torfastaðakirkja.

**Rit 4 (2003):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Eyrarbakakirkja, Gaulverjabæjarkirkja, Kotstrandarkirkja, Stokkseyrarkirkja, Strandarkirkja, Úlfjótsvatnskirkja og Þingvallakirkja.

**Rit 5 (2005):** Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Goðdalakirkja, Hvammskirkja, Ketukirkja, Reykjakirkja, Reynistaðarkirkja, Sauðárkrókskirkja, Silfrastaðakirkja, Sjárvarborgarkirkja og Víðimýrarkirkja.

**Rit 6 (2005):** Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Barðskirkja, Fellskirkja, Grafarkirkja, Hofskirkja, Hofsstaðakirkja, Hóladómkirkja, Knappsstaðakirkja og Viðvíkurkirkja.

**Rit 7 (2006):** Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Árneskirkja, Kaldrananeskirkja, Kollafjarðarneskirkja, Staðarkirkja í Steingrímsfirði, Breiðabólstaðarkirkja, Kirkjuhvammskirkja, Staðarbakakirkja, Staðarkirkja í Hrutafirði, Vesturhópshóla-kirkja og Víðidalstungukirkja.

**Rit 8 (2006):** Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Auðkúlukirkja, Bergsstaðakirkja, Blönduóskirkja, Bólstaðarhlíðarkirkja, Hofskirkja, Holtastaðakirkja, Svínavatnskirkja, Undirfellskirkja og Þingeyrakirkja.

**Rit 9 (2007):** Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Bakkakirkja, Bægisárkirkja, Glæsibæjarkirkja, Kvíabekkjarkirkja, Miðgarðakirkja, Möðruvallakirkja í Hörgárdal, Ólafsfjarðarkirkja, Tjarnarkirkja, Urðakirkja og Vallakirkja.





**Rit 10 (2007):** Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Akureyrarkirkja, Grundarkirkja, Hólakirkja, Lögmannshlíðarkirkja, Minjasafnskirkja, Munkaþverárkirkja, Möðruvallakirkja í Eyjafirði og Saurbæjarkirkja.

**Rit 11 (2008):** Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi: Hvalsneskirkja, Kálfatjarnarkirkja, Keflavíkurkirkja, Kirkjuvogskirkja, Krýsuvíkurkirkja, Landakirkja, Njarðvíkurkirkja og Út-skálakirkja.

**Rit 12 (2008):** Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastdæmi: Bessastaðakirkja, Brautarholtskirkja, Fríkirkjan í Hafnarfirði, Hafnarfjarðarkirkja, Lágafellskirkja, Reynivallakirkja, Saurbæjarkirkja á Kjalarnesi og Vindáshlíðarkirkja.

**Rit 13 (2009):** Friðaðar kirkjur í Borgarfjarðarprófastsdæmi: Akranesarkirkja, Fitjakirkja, Gilsbakkakirkja, Hvanneyrarkirkja, Innra-Hólmskirkja, Leirárkirkja, Reykholtskirkja og Stóra-Áskirkja.

**Rit 13 (2009):** Friðaðar kirkjur í Borgarfjarðarprófastsdæmi: Akrakirkja, Álftaneskirkja, Álftaártungukirkja, Borgarkirkja, Hjarðarholtskirkja, Hvammskirkja og Stafholtskirkja.

### Leiðbeiningarrit/leiðbeiningarblöð

Öll leiðbeiningarrit Húsafríðunarnefndar eru nú aðgengileg á heimasíðu nefndarinnar og er ekki gert ráð fyrir að þau verði endurprentuð í óbreyttri mynd. Hafin er vinna við gerð leiðbeiningarblaða sem stefnt er að verði aðgengileg á heimasíðunni fljótlega. Munu þau fjalla um og gefa leiðbeiningar um fjölmarga þætti sem hafa ber í huga við viðhald og endurbætur á gömlum húsum, s.s. viðhald og þríf gólfjala, fernisering gólfa, glerjun glugga, málun með línólímálningu o.fl.

## Fyrirlestrar, námskeið og miðlun.

**Háskólinn á Hólum** – Haldinn fyrirlestur um húsvernd og húsafríðun fyrir nemendur í ferðamálafræði í Háskólanum á Hólum.

**Námskeið** – Húsafríðunarnefnd stóð, ásamt Iðunni fræðslusetri, fyrir tveimur námskeiðum um viðgerðir og endurbætur á gömlum húsum á árinu, í Reykjavík. Einnig stóð Húsafríðunarnefnd fyrir námskeiðum á Patreksfirði og í Flatey ásamt heimamönnum. Þá kostaði nefndin einn leiðbeinanda á námskeiði Völundarverks Reykjavíkurborgar.

**Húsverndarstofa á Minjasafni Reykjavíkur** – Húsafríðunarnefnd, Minjasafn Reykjavíkur og Iðan fræðslusetur reka í samvinnu ráðgjafastofu fyrir fagmenn og almenning um endurbætur og viðhald eldri húsa á Minjasafni Reykjavíkur, Árbæjarsafni.

**Farskóli íslenskra safnamanna** – Starfsfólk Húsafríðunarnefndar tók þátt í Farskóla íslenskra safnamanna, sem haldinn var í Stykkishólmi dagana 29. september til 1. október.

### Sýningar

Húsafríðunarnefnd lét gera sýningu upp úr bindum nr. 15 og 16, Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, í ritröðinni Kirkjur Íslands, sem sett var upp í Stykkishólmskirkju 3. september 2010.

### Lög og reglugerðir

Gerð var athugasemd við frumvarp til skipulagslaga, um atriði í er varða svigrúm til að breyta gildandi skipulagi til að tryggja varðveislu sögulegrar byggðar án þess að af hljótist bótaréttur.



Send var ábending til Skipulagsstofnunar vegna vinnu við gerð nýrrar skipulagsreglugerðar. Hún fólst í því að skýrt yrði kveðið á um gerð húsakannana við gerð deili- og hverfaskipulags.

### Viðurkenningar

Þann 3. september 2010 veitti Húsafríðunarnefnd Rakel Olsen og Sturlu Böðvarssyni viðurkenningu fyrir gott og ósérhlíft starf í þágu húsverndar. Starfsvettvangur þeirra var aðallega í Stykkishólmi, þar sem eljusemi og barátta þeirra mörg undanfarin ár fyrir verndun varðveisluverðrar byggðar og einstakra húsa hefur skilað undraverðum árangri.



*Rakel Olsen og Sturlu Böðvarssyni veitt viðurkenning fyrir góð stöf í þágu húsverndar. Með þeim á myndinni eru Nikulás Úlfar Mátsson forstöðumaður og Hjörleifur Stefánsson formaður Húsafríðunarnefndar*

### Seta í nefndum og stjórnnum.

Forstöðumaður situr í ritnefnd ritraðarinnar um Kirkjur Íslands. Aðrir í ritnefnd eru Séra Karl Sigurbjörnsson biskup, Margrét Hallgrímsdóttir Þjóðminjavörður og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, sem er formaður ritnefndar og jafnframt ritstjóri ritraðarinnar.

Forstöðumaður situr einnig í framkvæmdastjórn Rekstrarfélags Sarps sf, gagnasafns í minjavörslu. Aðrir í framkvæmdastjórninni eru Anna Guðný Ásgeirsdóttir á Þjóðminjasafni og Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður og safnstjóri Minjasafns Reykjavíkur.

### Ferðir starfsmanna Húsafríðunarnefndar á árinu 2010

Eitt af megin verkefnum Húsafríðunarnefndar er að veita ráðgjöf um viðhald, viðgerðir og endurbætur á eldri húsum á Íslandi. Er það mikið kappsmál að þessu hlutverki sé sinnt af kostgæfni. Farnar voru fjöldamargar ferðir vítt og breytt um landið í víðum tilgangi, s.s. skoðanir vegna niðurrífsbeiðna, ráðgjöf vegna endurbóta, breytinga, litaval o.fl.

### Erlend samskipti á árinu 2010

Forstöðumaður sótti 4. ráðstefnu um menningararf á Eystrasaltssvæðinu (4<sup>th</sup> Baltic Sea Region Cultural Heritage Forum) sem haldinn var á vegum stýrihóps um verndun minja í Eystrasalti (Monitoring Group on Cultural Heritage in the Baltic Sea States), dagana 8.-12. október. Þar hélt Pétur H. Ármannsson arkitekt fyrirlestur um verndun 20. aldar bygginga, að beiðni forstöðumanns.

Guðmundur Lúther Hafsteinsson sótti fund vinnuhóps um varðveislu og viðhald eldri húsa á Gotlandi í Svíþjóð, sem haldinn var í febrúar á vegum stýrihóps um verndun minja við Eystrasalt, (Monitoring Group on Cultural Heritage in the Baltic Sea States). Forstöðumaður er fulltrúi Íslands í stýrihópnum.





Laufás, Eyjafirði



Stóru Akrar, Skagafirði



Sæluhús við Jökulsá á Fjöllum

## Húsasafn Þjóðminjasafnsins

Samkvæmt þjónustusamningi á milli Þjóðminjasafns Íslands og Húsafríðunarnefndar annaðist Húsafríðunarnefnd viðhald og viðgerðir á húsum í húsa-safni Þjóðminjasafnsins. Unnið var að ýmsum framkvæmdum við húsa-safnið árið 2010. Yfirgripsmestu viðgerðirnar fóru fram í Laufási; lokið var við viðgerð á baðstofu og gert við skála. Í Bustarfelli var unnið að viðgerð á vegghleðslu og stafnar bæjarins málaðir. Þá var hafin stórvíðgerð á Stóru-Ökrum og gert við bæjardyr. Lokið var við yfirgripsmiklar framkvæmdir á Sómastöðum og húsið tekið í notkun og lokapunktur settur aftan við viðgerðarsögu Nesstofu með þakviðgerð. Mikilvægum áfanga var náð á Teigarhorni með pappklæðningu veggja og hafin var viðgerð á sæluhúsinu við Jökulsá á Fjöllum. Önnur hús fengu hefðbundnara viðhald sem einkum fólust í minniháttar viðgerðum og málun og tjörgun húsa að utan. Má í því sambandi nefna m.a. Staðarkirkju, Litlabæ, Sjávarborgarkirkju, Glaumbæ, Víðimýrarkirkju, Nýjabæ á Hólum, Saurbæjarkirkju, Grenjaðarstað, Sauðanes á Langanesi, Galtastaði fram, Hofskirkju, hlöðu við Selið í Skaftafelli, bænhúsið á Núpsstað og Keldur á Rangárvöllum. Þá var þakið á Húsinu á Eyrarbakka tjargað, gert við steingarð framan við það og útihús máluð á vegum Byggðasafns Árnesinga. Öryggismál húsa-safnsins voru tekin til athugunar í framhaldi af bruna Krísvíkarkirkju og elds sem kom upp í þekju hlóðaeldhúss í Laufási. Þar verður veruleg bót gerð á brunavörnum og unnið var að undirbúningi á sambærilegum aðgerðum í öðrum húsum. Verkefnastjóri með viðhaldi og endurbótum á húsa-safninu var Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt.



## Kynnisferð Húsafriðunarnefndar um Vestfirði og Vesturland 2010

Húsafriðunarnefnd fór í sína árlegu kynnisferð dagana 9.-11. júní. Að þessu sinni var ferðinni heitið til Vestfjarða og þaðan sem leið liggur, akandi til Reykjavíkur. Flogið var til Ísafjarðar þar sem Jón Sigurpálsson forstöðumaður byggðasafnsins og Jóhann Bæring Gunnarsson umsjónarmaður fasteigna Ísafjarðabæjar tóku á móti nefndinni. Undir leiðsögn þeirra voru Edinborgarhúsið og húsin í Neðstakaupstað skoðuð auk þess sem gengið var um Miðkaupstað, þar sem 19. aldar byggðin var skoðuð, og þaðan upp í Safnahúsið, (Gamla sjúkrahúsið) á Eyrartúni, með viðkomu í Hafnarstræti 18, Gamla Apótekinu, þar sem gerðar hafa verið góðar endurbætur, Búðinni og Faktorshúsinu í Hæstakaupstað þar sem Áslaug Jensdóttir tók á móti nefndinni. Þá var haldið til Bolungarvíkur þar sem Ragna Magnúsdóttir og Jón Geirsson sýndu Einarshús og Hólskirkja var skoðuð undir leiðsögn Einaris Jónatanssonar og séra Agnesar M. Sigurðardóttur. Að loknum hádegisverði í Neðstakaupstað á Ísafirði var haldið til Flateyrar ásamt Jóhanni Bæring, þar sem hann og Jóhanna Kristjánsdóttir sýndu m.a. gömlu húsin við Hafnarstræti, Svarta pakkhúsið og Faktorshúsið við Hafnarbakka, sem enn er nokkuð upprunalegt og talið hafa mikil varðveislugildi. Næst var haldið til Þingeyrar þar sem Kristján Gunnarsson sagði frá vel heppnuðum endurbótum á Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar, bræðslu járn og járnsteypu. Endurbygging Salthússins er langt komin og greindi Sigmundur Þórðason húsasmiður, sem unnið hefur að endurbyggingunni ásamt Guðmundi Óla Kristinssyni, frá þeirri vinnu og sýndi gamla kaupfélagshúsið, Gramsverslun, sem nú býður endurbóta. Wouter Van Hoeymissen hefur staðið að mjög vel heppnuðum endurbótum á Sigmundarhúsi og voru í framhaldi af heimsókn þangað skoðuð nokkur hús við Fjarðargötu. Á Bíldudal tók Magnús Ólafur Hansson á móti nefndinni og sýndi Bíldudalskirkju, gömlu smiðjuna sem nú hefur verið gerð upp á vandaðan máta, Vegamót o.fl. Á leiðinni til Tálknafjarðar var Rafstöðvarhúsið skoðað, en endurbætur eru nú hafnar á þessu merkilega húsi sem reist var árið 1916 og er því ein elsta rafstöð landsins. Gist var á Tálknafirði og haldið þaðan til Patreksfjarðar þar sem Magnús Ó. Hansson tók aftur á móti nefndinni. Undir hans leiðsögn var Vatneyrabúð og Skemman/Pakkhúsið á Vatneyrinni skoðuð, en brýnt er að endurbótum verði haldið áfram á þessum húsum og þeim lokið. Að auki voru Skjaldborgarbió, Ráðagerði, gamli læknisbústaðurinn og fleiri hús skoðuð. Að síðustu var gamla Vélsmiðjan, Sjóráningjahúsið, skoðað, en þau Alda Davíðsdóttir og Davíð Rúnar Gunnarsson hafa staðið þar gífurlega vel að endurbótum og endurbyggingu og glætt húsin nýju lífi. Að Haga á Barðaströnd sýndi Bjarni Hákonarson bóndi Hagakirkju. Var rætt um að Húsafriðunarnefnd myndi gera tillögu að nýrri staðsetningu á krossi sem nú er hengdur utan á vestur stafn kirkjunnar. Áður en stigið var um borð í Breiðafjarðaferjunu Baldur var gamli prestsbústaðurinn að Brjánslæk og Brjánslækjarkirkja skoðuð undir leiðsögn Jóhanns Péturs Ágústssonar bónda, en hann hefur staðið að miklum



Safnahúsið. Gamla sjúkrahúsið, Ísafirði



Gamla apótekið Ísafirði



Gramsverslun Þingeyri



Vatneyrabúð, Patreksfirði



Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar, Þingeyri



Brjánslækjarkirkja



Stafholtskirkja

og vel heppnuðum endurbótum á gamla prestsbústaðnum. Að lokinni siglingu yfir Breiðafjörð tók Rakel Olsen á móti nefndinni í Stykkishólmi og voru m.a. eftirfarandi hús skoðuð undir hennar leiðsögn: Tang og Riis (núverandi skrifstofuhús Sigurðar Ágústssonar ehf), Sæmundarpakkhús, Sveinshús (gamla pósthúsið), Ólafshús, Knudsenshús, Kúldshús, Stykkishólmskirkja eldri, Narfeyrarstofa, Prófastshúsið, Egilsenshús, Norska húsið þar sem Sigurlína Sigurbjörnsdóttir tók á móti nefndinni auk þess sem Eldfjallasafnið var skoðað. Öll hafa þessi hús, og fleiri, verið gerð upp á faglegan máta, s.s. Frúarhúsið, þar sem Rakel bauð nefndinni upp á kaffi og gómsætt meðlæti áður en haldið var sem leið liggur út á Snæfellsnes. Í Ólafsvík tók Fríða Sveinsdóttir á móti nefndinni og sýndi Pakkhúsið, en endurbætur eru hafnar á ytra byrði þess. Þessu næst var haldið að Ingjaldshólskirkju þar sem Ragnheiður Karítas Pétursdóttir sagði frá kirkjunni og sýndi nýja safnaðarheimilið. Á leiðinni að Arnarstapa, sem var næsti gististaður, var Vatnshellir í Purkhólahrauni skoðaður, sem nýlega hafði verið gerður fær almenningi til skoðunar. Við kirkjuna að Búðum beið Sigrún Guðmundsdóttir sóknarnefndarformaður nefndarinnar og sagði frá og sýndi kirkjuna. Þessu næst var haldið til Stafholtskirkju í Borgarfirði þar sem séra Elínborg Sturludóttir og Stefán Ólafsson smiður sýndu yfirstandandi framkvæmdir við allsherjar endurbætur á ytra byrði kirkjunnar. Nýir gluggar í upprunalegri mynd hafa verið settir í kirkjuna auk þess sem bárujárni hefur verið skipt út fyrir timburklæðningu á veggjum. Að Hvammi í Norðurárdal voru mjög vel heppnaðar endurbætur á Hvammskirkju skoðaðar með Sverri Guðmundssyni bónda og Jóni Svani Péturssyni málarameistara, sem var að leggja lokahönd á málun ytra byrðis kirkjunnar. Í Englendingavík í Borgarnesi, þar sem Brúðuheimar hafa komið sér vel fyrir í gömlu verslunarhúsunum, sýndu Hildur Magnea Jónsdóttir og Bernd Ogrodnik nefndinni hinar vönduðu endurbætur sem gerðar hafa verið á öllum húsunum og sögðu frá starfseminni. Að loknum ljúffengum málsverði í veitingahúsi Brúðuheima var haldið til Reykjavíkur.



Tang og Riis, Stykkishólmi



*Guðlaug Vilbogadóttir*

## Hringbraut 35 til 49

Fjölbýlishúsin sem standa milli Birkimels og Furumels við Hringbraut og bera oddatölurnar frá 35 til 49 teljast vera fyrstu íbúðarblokkirnar í Reykjavík. Húsin teiknaði Einar Sveinsson arkitekt og voru þau hluti af því nýja hverfi sem hann skipulagði á Melunum, sem hafði það sérkenni að í stað samfelldra húsaraða með fram götu, sem var algengt handan Hringbrautar, voru fjölbýlishúsin í þessu nýja hverfi stakstæð. Þannig skapaðist aukið svigrúm í hverfinu án þess að íbúðum fækkaði.

Einar Sveinsson (1906-1973) var fyrsti íslenski arkitektinn til að sækja menntun sína til Þýskalands, en hann lauk lokaprófi frá tækniháskólanum í Darmstadt árið 1932. Tveimur árum síðar var Einar ráðinn húsameistari Reykjavíkur og gegndi því starfi til ársins 1973. Hann hafði því mikil áhrif á skipulags- og byggingarmál í Reykjavík og setti með verkum sínum og hugmyndum afar sterkan svip á umhverfi sitt allt. Flestir Reykvíkingar þekkja einhverjar byggingar Einars, til dæmis Laugarnesskóla eða Melaskóla, Langholtsskóla, Heilsuverndarstöðina eða Borgarspítalann sem hann teiknaði í samvinnu við Gunnar H. Ólafsson, Breiðagerðis- eða Vogaskóla sem Einar teiknaði ásamt Kjartani Sveinssyni og Sundlaugarnar í Laugardal sem voru samstarfsverkefni þeirra Einars, Sigurjóns Sveinssonar, Kjartans Sveinssonar, Gunnars H. Guðmundssonar o.fl. Auk opinberra bygginga af ýmsu tagi teiknaði Einar fjölmörg íbúðarhús. Í byrjun starfsferils síns átti Einar þátt í að aðlaga funkisstefnuna að íslenskum aðstæðum, m.a. með notkun íslenskra steintegunda til að húða steypa veggj og hafa lág-reist valmaþök í stað flatra þaka. Síðar urðu persónubundin einkenni sterkari þættir í heildarmótun húsanna, til dæmis dálæti hans á skásettum, sveigðum og hringlaga formum. Við hönnun íbúðarhúsnaðis lagði Einar mikla áherslu á að fyrirkomulag íbúðarinnar og herbergjaskipan sé þannig að öll íbúðarherbergi njóti alltaf sólar hluta úr degi, stofur og eldhús þó lengur en svefnherbergi.





Árið 1942 var Einari Sveinssyni falið að teikna tvö steinsteypt fjölbýlishús við Hringbraut 37 til 47 og vann hann að því verkefni ásamt Agústi Pálssyni arkitekt. Húsin voru með 48 íbúðum sem Reykjavíkurbær seldi einstaklingum með ákvæðum um forkaups- og forleigurétt. Við mótnun húsanna hafði Einar nýlegar rannsóknir um íbúðarhúsnæði að leiðarljósi þar sem lögð var áhersla á að því mjórri sem húsið er nýtur sólarljóss betur í vistarverum þess. Því hafði Einar húsin aðeins 9,5 m að breidd og öll herbergi hafa glugga á útvegg. Meðal nýjunga voru skásett útskot með hornlugga á stofu íbúðanna og bogadregnar svalir með innbyggðri blómasyllu. Mjög var vandað til alls frágangs og húsin steinuð að utan með innlendu kvarsí og silfurbergi.

Flutt var inn í fyrstu íbúðirnar í árslok 1943. Meðal þeirra sem þá fluttu í þessar glæsilegu íbúðir voru rithöfundurinn Þórbergur Þórðarson og eiginkona hans Margrét Jónsdóttir og var þetta fyrsta og eina íbúð þeirra hjóna, því Þórbergur bjó í íbúðinni til æviloka árið 1974, en Margrét litlu lengur. Í húsinu skrifaði Þórbergur nokkur af sínum helstu verkum, meðal annars Sálminn um blómið, sem gerist að verulegu leyti í íbúð hans og söguhetja bókarinnar, Lilla Hegga (Helga Jóna Ásbjarnardóttir), var nágrenni hans í blokkinni. Árið 1989 afhjúpaði hún minningarskjöld um Þórberg við innganginn að Hringbraut 45.

Lægri viðbyggingar eru við sitt hvorn enda íbúðarhúsanna og milli þeirra. Í byggingunni milli húsanna eru geymslur en í húsnæðinu til endanna hefur ýmis atvinnustarfsemi verið til húsa, bakarí, verslun og nú síðast saumastofa.

Í október 2008 samþykkti Húsafriðunarnefnd að fela forstöðumanni að hefja undirbúning tillögu að friðun fjölbýlishúsanna að Hringbraut 37 – 47 og lægri viðbygginga nr. 35 og 49, því nefndin taldi húsin vera tímamótaverk í byggingarlistasögu Íslands og hafa auk þess mikið menningarsögulegt og listrænt gildi. Eftir að eigendum hafði verið kynntar tillögurnar og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við þær var tillaga um friðun send til menntamálaráðherra sem friðaði ytra byrði atvinnu- og fjölbýlishúsanna að Hringbraut 35 til 49 þann 15. nóvember 2010.

Heimildir m.a.:

*Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur. Sýningarstrá sýningar sem haldin var á Kjarvalsstöðum í október til desember 1995. Sýningarstjórn, rannsóknir og textagerð var í höndum Péturs H. Ármannssonar.*



## Friðun húsa

Á undanförunum árum hefur verið lögð mikil vinna í það að skoða byggingarf þjóðarinnar með tilliti til þess hvaða hús skuli vera friðuð. Sérstök áhersla var lögð á byggingarlist 20. aldar, fyrstu lærðu arkitektanna og það sem talið er að best hafi verið gert í íslenskri byggingarlist fram til sjöunda áratugs 20. aldar.

### Friðunarmál í vinnslu:

Hótel Borg, Reykjavík  
 Hótel Holt, Reykjavík  
 Fjölнисvegur 7, Reykjavík  
 Hallgrímskirkja Saurbæ  
 Sunnubraut 37, Kópavogi  
 Gamli Kvennaskólinn, Thorvaldsensstræti 2, Reykjavík  
 Freyjugata 46, Reykjavík  
 Laugavegur 34, verslun Guðsteins Eyjólfssonar, Reykjavík  
 Ingólfsstræti 2, Gamla bíó, Reykjavík

### Húsafríðunarnefnd samþykkti að undirbúa tillögu að friðun eftirtaldrá húsa árið 2010:

Hressingarhælið Kópavogi  
 Kópavogsbærinn  
 Hafnarmannvirki við Reykjavíkurböfn sem teljast hafa mest varðveislugildi  
 Flugturninn Reykjavíkflugvelli

30 steinbærir og steinhlaðin hús í Reykjavík:

Bakkastígur 9	Ingólfsstræti 23
Bankastræti 3	Klapparstígur 19
Bergstaðastræti 12	Laufásvegur 5
Bergstaðastræti 21	Nýlendugata 9
Bergstaðastræti 22	Skólavörðustígur 4
Bergstaðastræti 24	Skólavörðustígur 22
Bjargarstígur 17	Skólavörðustígur 22a
Bókhlaðustígur 6	Sólvallagata 68
Brekkustígur 5a	Suðurgata 26a
Bræðraborgarstígur 14	Tómasarhagi 16b
Bræðraborgarstígur 19	Vesturgata 50
Drafnarstígur 5 og 5b	Vesturgata 57
Holtsgata 41b	Vesturgata 61
Garðar við Ægisíðu	Pingholtsstræti 1
Grandavegur 40	Reynisstaður, Skildinganesi

### Tillögu að friðun sem biðu ákvörðunar ráðherra árið 2010:

Laugavegur 10, Reykjavík	Mávanes 4, Garðabæ
Laugavegur 20 B, Reykjavík	Bakkaflöt 1, Garðabæ
Laugavegur 21, Reykjavík	Laugarnesskóli, Reykjavík
Laugavegur 30, Reykjavík	Tjarnargata 34, Reykjavík
Laugavegur 44, Reykjavík	Laugavegur 11, Reykjavík
Gröndalshús, Reykjavík	Leikvallarskýli á Héðinsvelli, Reykjavík
Landspítalinn, Reykjavík	Verkamannabústaðir Hringbraut, Reykjavík
Sæbólaskirkja, Ingjaldssandi	Lindargata 7, Íþróttahús J P, Reykjavík
Brekkuskógar 10, Smiðshús, Álftanesi	Ásvallagata 67, Reykjavík
Brekkuskógar 8, Vesturbær, Álftanesi	Laugavegur 36, Sandholtsbakarí, Reykjavík
Ingólfsstræti 21, Reykjavík	



Fjölнисvegur 7, Reykjavík



Sunnubraut 37, Kópavogi



Hressingarhælið, Kópavogi



Bræðraborgarstígur 19, Reykjavík



Vesturgata 50, Reykjavík



Garðar við Ægisíðu, Reykjavík



Bakkafliöt 1, Garðabæ



Laugavegur 21, Reykjavík



Verkamannabústaðirnar við Hringbraut, Reykjavík

**Ráðherra ákvað friðun eftirtalinnna húsa að fenginni tillögu Húsafríðunarnefndar 2010:**

#### **Grandagarður 2, Alliance, Reykjavík – 1924-1925**

Friðaður af menntamálaráðherra 3. febrúar 2010. Friðun nær til ytra byrðis aðalhúss. Húsið teiknaði Guðmundur H. Þorláksson húsameistari.

#### **Laufásvegur 7, Prúðvangur, Reykjavík – 1918**

Friðaður af menntamálaráðherra 22. febrúar 2010. Friðunin nær til ytra byrðis og útskorinna hurða og lágmynda í stofum hússins ásamt aðalhurð og stiga. Jens Eyjólfsson forsmiður hannaði húsið, en útskurður og skreytingar eru eftir Ríkharð Jónsson og Gunnlaug Blöndal.

#### **Gljúfrasteinn, Mosfellsbæ – 1945**

Friðaður af menntamálaráðherra 7. júní 2010. Friðunin nær til ytra byrðis hússins, sem Ágúst Pálsson arkitekt hannaði.

#### **Framnesvegur 20-26B, Bankahúsin, Reykjavík – 1923**

Friðuð af menntamálaráðherra 14. september 2010. Friðun nær til ytra byrðis húsanna. Hönnuður var Guðjón Samúelsson húsameistari.

#### **Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24, Reykjavík – 1934-1945**

Friðaður af menntamálaráðherra 14. september 2010. Friðunin nær til ytra byrðis hússins og miðrymis í öðrum áfanga sem byggður var á árunum 1942-1945. Arkitektarnir Einar Sveinsson og Ágúst Pálsson sáu um hönnun hússins.

#### **Skáli Ferðafélags Íslands, Hvítárnesi – 1929-1930**

Friðaður af menntamálaráðherra 15. september 2010. Friðunin nær til ytra byrðis skálans. Jón J. Víðis mælingamaður teiknaði skálann, en Jakob Thorarensen skáld annaðist alla trésmíði og Jón Jónsson bóndi að Laug í Biskupstungum hlóð útveggi.

#### **Hringbraut 35-49, Reykjavík – 1942-1944**

Friðað af menntamálaráðherra 15. nóvember 2010. Friðunin nær til ytra byrðis atvinnu- og fjölbýlishúsanna, sem hönnuð voru af arkitektunum Einari Sveinssyni og Ágústi Pálssyni

#### **Laugavegur 12, Reykjavík – 1903**

Friðaður af mennta- og menningarmálaráðherra 17. desember 2010. Friðun nær til ytra byrðis hússins.

#### **Bergstaðastræti 1, Reykjavík - 1904**

Friðaður af mennta- og menningarmálaráðherra 17. desember 2010. Friðun nær til ytra byrðis hússins.

Myndir af friðuðum húsum árið 2010 má sjá á forsíðu ársskýrslunnar.




Brekuskógar 8, Álftanesi

# Samantekt styrkja úr Húsafriðunarsjóði fyrir árið 2010

**Breiðletraðir** styrkir er ákvarðaðir af Fjárlaganefnd í samráði við Húsafriðunarnefnd. Upphæðir eru gefnar upp í þúsundum króna.

## FJÖLDI UMSÓKNA/STYRKJA



### Heiti verkefnis

### Bygg.ár

### Styrkur

#### Friðaðar kirkjur

Árbæjarkirkja, Minjasafni Reykjavíkur	1842	0
Árneskirkja, Ströndum	1850	300
Blönduóskirkja, eldri	1894	1.000
Breiðabólstaðarkirkja, Fljótshlíð	1911	0
Bænhúsið í Furufirði	1899	300
Dagverðarneskirkja, Fellsströnd	1848	700
Djúpavogskirkja (gamla)	1894	700
Eiðakirkja, Héraði	1886	300
Eiríksstaðakirkja, Jökuldal	1913	700
Eskifjarðarkirkja (gamla)	1898	1.500
Eyrarkirkja, Súðavík	1866	350
Fríkirkjan í Reykjavík	1901	300
Gaulverjabæjarkirkja, Flóa	1909	700
Hjaltastaðakirkja, Múlasýslu	1881	1.000
Hvammskirkja í Norðurárdal	1880	1.500
Kaldrananeskirkja, Bjarnarfirði	1851	1.000
Keldnakirkja, Rangáarkirkja	1875	700
Knappsstaðakirkja, Fljótum	1838	300
Krosskirkja, Landeyjum	1850	250
Ljósavatnskirkja, Þingeyjarsýslu	1891	200
Lögmannshlíðarkirkja, Eyjafirði	1860	700
Minjasafnskirkjan Akureyri	1846	500
Munkaþverárklosturskirkja, Eyjafirði	1844	500
Möðruvallakirkja (fram), Eyjafirði	1848	700



Múlakot, Síðu

Möðruvallakirkja, Hörgárdal	1867	900
Skeggjastaðakirkja, Múlasýslu	1845	500
Staðarkirkja, Aðalvík	1904	350
Staðarkirkja, Hrutafirði	1884	300
Stafholtskirkja, Borgarfirði	1875	2.000
Stóra-Laugardalskirkja, Tálknafirði	1906	500
Svínavatnskirkja, Húnavatnssýslu	1882	400
Útskálakirkja, Garði	1861	0
Vesturhópshóllakirkja, Húnavatnssýslu	1877	500
Villingaholtskirkja	1911	300
Pingmúlakirkja, Skriðdal	1886	700
<b>Samtals</b>		<b>20.650</b>

### Friðuð hús

Aðalstræti 16, Ísafirði	1879	500
Aðalstræti 8, Ísafirði	1845	150
Davíðshús, Akureyri	1944	300
<b>Faktorshúsið, Djúpavogi</b>	<b>1848</b>	<b>3.100</b>
Gamli barnaskólinn, Hólmavík	1903	500
Grettisgata 11, Reykjavík	1907	250
<b>Gudmanns Minde, Akureyri</b>	<b>1835</b>	<b>2.400</b>
Hofsstofa, Hörgárdal	1828	0
Laugavegur 2, Reykjavík	1886	350
Laxdalshús, Akureyri	1795	250
Menntaskólinn í Reykjavík	1843	0
Múlakot - skóli/samkomuhús, Síðu	1909	500
Nonnahús, Akureyri	1849	350
<b>Pakkhúsið, Ólafsvík</b>	<b>1844</b>	<b>1.000</b>
Riis-hús, Borðeyri	1862	1.200
<b>Salthúsið Þingeyri</b>	<b>1778</b>	<b>1.000</b>
Samkomuhúsið, Akureyri	1906	500
Sigurhæðir, Akureyri	1903	400
Smiðshús, Minjasafni Reykjavíkur	1823	250
Tjarnargata 22, Reykjavík	1906	500
Tjarnargata 26, Reykjavík	1908	500
Tómasarhagi 31, Reykjavík	1953	500
Villa Nova, Sauðárkróki	1903	350
<b>Samtals</b>		<b>14.850</b>

### Aðrar kirkjur

Kvennabrekkukirkja	1925	500
Sæbólaskirkja	1924	700
<b>Samtals</b>		<b>1.200</b>

### Hús á safnasvæðum

Árbær	1891	150
<b>Garðahús</b>	<b>1876</b>	<b>1.000</b>
Geirstaðir	1903	350
<b>Sandar (vestri)</b>	<b>1901</b>	<b>1.000</b>
<b>Samtals</b>		<b>2.500</b>

### Reykjavík

Ásvallagata 26	1930	0
Bakkastígur 2	1903	0



Bankastræti 10	1902	200
Bergstaðastræti 14	1923	150
Bergstaðastræti 22	1893	500
Bergstaðastræti 40	1903	100
Bjarkargata 8	1927	0
Bókhöðustígur 8	1898	100
Brekkustígur 5 A	1901	100
Bræðraborgarstígur 4	1901	300
Drafnarstígur 7	1897	200
Einarsnes 58	1905	0
Frakkastígur 12	1904	200
Freyjugata 3	1921	100
Grettisgata 8 - bakhús	1903	0
Grundarstígur 10	1915	0
Gröndalshús	1882	0
Hverfisgata 35	1907	350
Ingólfsstræti 22	1905	600
Kirkjutorg 4	1899	0
Laufásvegur 46	1916	400
Laufásvegur 5	1879	0
Laufásvegur 59	1926	0
Laugavegur 11	1868	600
Laugavegur 46 A	1902	150
Leikvallarskýli við Hringbraut	1943	350
Melhagi 1	1950	0
Mjóstræti 2	1902	300
Njálsgata 8 B	1926	0
Nýlendugata 11 A	1914	100
Óðinsgata 11	1918	0
Óðinsgata 8 B	1909	100
Seljavegur 9	1929	0
Skeggiagata 8	1937	0
Skildinganes 15	1874	100
Skólalabú 2	1912	0
Sólvallagata 5 A	1923	0
Suðurgata 16	1920	0
Túngata 34	1926	0
Veltusund 3 B	1891	400
Verkamannabústaðir við Hringbraut	1931	700
Vesturgata 21	1883	200
Vesturgata 26 C	1897	0
Pinghóltsstræti 8 - 8 B	1903	400
Pórsgrata 19	1922	0
Öldugata 16	1926	0
<b>Samtals</b>		<b>6.700</b>


## Reykjanes

Álafossverksmiðjan gamla	1905	0
Breiðabólstaðir, Álftanesi	1884	200
<b>Duus-hús, Keflavík</b>	<b>1877</b>	<b>2.400</b>
Krókur, Garðabæ	1923	0
<b>Skjaldbreið - hlaða, Kálfatjörn</b>	<b>1857</b>	<b>400</b>
<b>Útskálar - Prestssetur</b>	<b>1889</b>	<b>1.000</b>
Vesturbraut 10, Grindavík	1912	400
Vífilsstaðaspítali	1910	0
<b>Samtals</b>		<b>4.400</b>



Frakkastígur 12, Reykjavík

## HLUTFALLSLEG SKIPTING STYRKJA



## Vesturland

Akurgerði 4, Akranesi	1930	0
Brákarbraut 11, Borgarnesi	1876	400
<b>Englendingavík, Borgarnesi</b>	<b>1884</b>	<b>2.500</b>
Halldórsfjós, Hvanneyri	1928	300
Háafell, Skorradal	1930	200
Hlíðartúnshús, Borgarnesi	1919	350
Hvanneyri - skemma	1896	200
Hvítahúsið, Snæfellsbæ	1935	150
<b>Mjólkursamlagshúsið, Borgarnesi</b>	<b>1936</b>	<b>2.400</b>
Mófellsstaðir, Skorradal	1926	350
<b>Ólafsdalur - skólahús</b>	<b>1896</b>	<b>2.400</b>
Sauðafell, Dölum	1897	0
Skólastígur 8, Stykkishólmi	1885	200
<b>Samtals</b>		<b>9.450</b>

## Vestfirðir

Aðalstræti 37, Ísafirði	1873	0
Aðalstræti 59, Patreksfirði	1906	200
Amarnúpur, Keldudal	1938	300
Ármúli, Langadalströnd	1875	350
Barnaskólinn Arnarnúpi, Keldudal	1911	300
Botn, Geirþjófsfirði	1886	300
Brekkustígur 7, Suðureyri	1909	350
Brjánslækur, Barðaströnd	1912	0
Búðin, Króksfjarðarnesi	1905	0
Dunhagi, Tálknafirði	1931	300
<b>Eyrardalur, Súðavík</b>	<b>1890</b>	<b>400</b>
Eyrargata 7, Suðureyri	1909	200

Eyri - Síldarverksmiðja, Ingólfsfirði	1942	400
Fjarðargata 13, Þingeyri	1904	0
Fjarðargata 14, Þingeyri	1895	250
Fjarðargata 4 A, Þingeyri	1881	300
Fjarðargata 5, Þingeyri	1915	600
Fjarrétt Hvítanesi, Ísafjarðardjúpi		0
Fremri Hvesta, Arnarfirði	1903	0
<b>Gamla kjötfrystihúsið, Norðurfirði</b>	<b>1960</b>	<b>400</b>
Geymsla, Óspakseyri	1900	350
Hafnarbakki 5, Flateyri	1892	400
Hafnargata 41, Bolungarvík	1902	500
Hafnarstræti 18, Ísafirði	1906	1.000
Hafnarstræti 9, Flateyri	1884	600
Herkastalinn, Mánagötu 4, Ísafirði	1920	500
Holt, Barðaströnd	1934	0
Hrannargata 4, Ísafirði	1930	100
Hvilft, Ísafjarðarbæ	1911	300
Kerling - skothús, Ísafjarðardjúpi		100
Kollafjarðarnes - íbúðarhús, Strandasýslu	1925	0
Láginúpur - hesthús, Kollsvík		300
<b>Miðstræti 3, Bolungarvík</b>	<b>1900</b>	<b>400</b>
Mjallargata 5, Ísafirði	1856	500
<b>Rafstöðvarhúsið, Bíldudal</b>	<b>1918</b>	<b>1.000</b>
Riis-hús, Hólmavík	1897	350
Silfurgata 6, Ísafirði	1905	300
Silfurgata 7, Ísafirði	1906	300
<b>Síldarverksmiðjan, Djúpuvík</b>	<b>1935</b>	<b>2.400</b>
Skrímslasetrið, Bíldudal	1938	0
Smiðjan Bíldudal	1894	500
Smiðjustígur 1, Bíldudal	1894	300
Staður - prestshús, Aðalvík	1907	200
Tjarnarbraut 2, Bíldudal	1893	0
<b>Uppsalir, Selárdal</b>	<b>1931</b>	<b>400</b>
Vallargata 1, Þingeyri	1872	0
<b>Vatneyrarbúð, Patreksfirði</b>	<b>1918</b>	<b>1.000</b>
<b>Vélsmiðjan, Patreksfirði</b>	<b>1900</b>	<b>1.400</b>
Þvergata 3, Ísafirði	1856	250
<b>Samtals</b>		<b>18.100</b>




Aðalgata 11, Blönduósi

## Norðurland

Aðalgata 11, Blönduósi	1907	400
Aðalgata 16, Sauðárkróki	1887	0
Aðalgata 19, Siglufirði	1915	350
Aðalgata 25, Siglufirði	1861	250
Aðalstræti 24, Akureyri	1901	300
Aðalstræti 34, Akureyri	1877	300
Bragholt, Vegamótum	1902	0
Brekkugata 13, Akureyri	1904	0
Brekkugata 2, Hvammstanga	1910	300
Brekkugata 5, Akureyri	1908	300
Gróðrarstöðin, Akureyri	1905	300
Hafnarstræti 107 B, Akureyri	1906	0
Hafnarstræti 53, Akureyri	1900	0
Hafnarstræti 88, Akureyri	1900	0
<b>Hávegur 60, Siglufirði</b>	<b>1894</b>	<b>400</b>



## RÁÐSTÖFUNARFÉ



Héðinshöfði, Tjörnesi	1880	300
Hvanneyrarbraut 66, Siglufirði	1907	300
Jóakimshús, Siglufirði	1914	250
Klapparstígur 1, Hvammstanga	1908	200
Kornsó - Sýslumannshúsið, Vatnsdal	1879	300
<b>Kvennaskólinn Blönduósi</b>	<b>1911</b>	<b>4.200</b>
Lækjargata 6, Akureyri	1886	200
<b>Norðurgata 5, Siglufirði</b>	<b>1913</b>	<b>500</b>
Óskarsstöð, Raufarhöfn	1949	800
Samkomuhússbraggi, Skagaströnd	1945	350
Saurar - íbúðarhús, Miðfirði	1930	150
Skógargata 7, Sauðárkróki	1856	400
Spítalavegur 9, Akureyri	1899	200
Stefánsfjós MÖðruvöllum	1902	0
Strandgata 41, Akureyri	1901	0
Suðurgata 5, Sauðárkróki	1923	250
Tyrfingsstaðir, Skagafirði	1920	300
Unastaðir, Kolbeinsdal	1927	200
Vegamót, Dalvík	1914	200
Öngulsstaðir, Eyjafirði		500
<b>Samtals</b>		<b>12.500</b>

## Austurland

Austurvegur 42, Seyðisfirði	1907	350
Austurvegur 48, Seyðisfirði	1926	150
Bakkaeyrarhús, Borgarfirði eystra	1897	0
Berufjörður - gamli bæinn, Berufirði	1925	200
Bjólfgata 8, Seyðisfirði	1907	400

Borgargerði 23, Stöðvarfirði	1927	0
<b>Bryggjuhúsin, Hafnargata 35-37, Seyðisfirði</b>	<b>1881</b>	<b>1.000</b>
Búðavegur 8, Fáskrúðsfirði	1900	200
Egilsstaðir - Gistihúsið	1903	300
Fjörður 1, Seyðisfirði	1906	250
Fossgata 4, Seyðisfirði	1899	350
<b>Gamla Kaupfélagshúsið, Breiðdalsvík</b>	<b>1906</b>	<b>2.400</b>
Hafnarbyggð 5, Vopnafirði	1880	150
Hafnargata 15, Fáskrúðsfirði	1886	350
<b>Hafnargata 17, Fáskrúðsfirði</b>	<b>1895</b>	<b>1.000</b>
Hafnargata 34, Seyðisfirði	1907	350
Hafnargata 42, Seyðisfirði	1921	350
Halldórshús, Bakkafirði	1902	500
Hjarðarhagi, Jökuldal		200
<b>Hótel Framtíð, Djúpavogi</b>	<b>1905</b>	<b>1.000</b>
Jórvík, Breiðdal	1928	0
Nesgata 20 A, Neskaupstað	1881	350
Norðurgata 2, Seyðisfirði	1919	700
Oddagata 4 C, Seyðisfirði	1938	150
Ormstaðir, Breiðdalshreppi	1910	0
Sólhóll, Djúpavogi	1930	150
Sænautasel, Jökulsdalsheiði	1843	300
Útvegur 7, Seyðisfirði	1880	100
Vesturvegur 3, Seyðisfirði	1906	350
Vesturvegur 4, Seyðisfirði	1903	300
Vesturvegur 5, Seyðisfirði	1878	250
<b>Vjelasmíðja Jóhanns Hanssonar, Seyðisfirði</b>	<b>1907</b>	<b>1.000</b>
<b>Piljuvellir 11, Neskaupstað</b>	<b>1912</b>	<b>1.000</b>
Þórsskúr - sjóhús, Neskaupstað	1930	0
<b>Samtals</b>		<b>14.150</b>

## Suðurland

Ás, Ásahreppi	1900	200
Bátaskýli (naust), Víkurbraut 40A, Vík	1958	200
<b>Brydebúð, Vík</b>	<b>1831</b>	<b>1.000</b>
Búðarstígur 12, Eyrarbakka	1888	200
Búðarstígur 14 A, Eyrarbakka	1887	350
Eyrargata 44 A, Eyrarbakka	1891	200
<b>Félagshemilið Dagsbrún, Skarðshlíð</b>	<b>1927</b>	<b>400</b>
Fiskhóll 5, Höfn	1906	0
Foss - Gamli bærinn, Síðu	1910	200
Gamlabúð, Höfn	1864	0
Giljur - gamla fjósið, Mýrdal	1800	150
<b>Hafnarbraut 2, Höfn</b>	<b>1897</b>	<b>2.400</b>
Hamragarðar, Rangárþingi eystra	1908	350
Keldnakot, Flóa	1922	250
Múlakot - gamla hótelið, Fljótshlíð	1898	400
<b>Pompei norðursins, Heimaey</b>	<b>1973</b>	<b>1.000</b>
Prestshús (Einarshöfn II), Eyrarbakka	1906	350
Sauðhúsvöllur, Rangárþingi eystra	1800	350
<b>Skaftholtsréttir, Gnúpverjahreppi</b>	<b>1954</b>	<b>1.000</b>
<b>Skemma sem hýsir Skaftfelling, Vík</b>	<b>1958</b>	<b>1.000</b>
Tryggvaskáli, Selfossi	1890	0
Uppsalar, Fljótshlíð	1929	300
Víkurbraut 20 A, Vík	1902	100
Vöðlakot, Austur-Meðalholtum, Gaulverjabæ	1934	200



Gamla kaupfélagshúsið, Breiðdalsvík

**Þingborg, Flóa**

Ölvisholt I, Hraungerðishreppi

1927

1924

400


0

**Samtals****11.000****Rannsóknaverkefni**

Bæklingur um Eyrarbakka	200
Die Moderne Architectur in Island - þýðing doktorsritgerðar Atla M. Seelow	2.500
Fyrirbyggjandi húsafriðun Ísafirði - götummynd, hverfisvernd	1.000
Högna Sigurðardóttir arkitekt - bók um verk Högnu	600
Íslensk byggingarsaga - Áhrif frá Bretlandseyjum	600
Kirkjur Íslands	5.000
Kvennabrekkukirkja - rannsókn	400
Leiðbeiningarrit um torfhleðslutækni	0
"Saga byggingartækninnar" - sýning/fræðslustofa/ húsverndarstofa	0
Smiðshús í Árbæjarsafni - Rannsóknarverkefni	0
Uppmæling og teiknun á húsum í Skorradal	0
Rannsóknarverkefni - óráðstafað	1.000

**Samtals****11.300****Byggða- og húsakannanir**

Byggða- og húsakönnun Akureyri (Oddeyri)	1.000
Byggða- og húsakönnun Blönduósi	500
Byggða- og húsakönnun Dalvík	800
Byggða- og húsakönnun Djúpavogshreppi	500
Byggða- og húsakönnun Fjarðabyggð	1.500
Byggða- og húsakönnun Flatey á Breiðafirði	400
Byggða- og húsakönnun Ísafjarðarbæ	1.000
Byggða- og húsakönnun Sandgerði	400
Byggða- og húsakönnun Stokkseyri	0
Fundarhús og skólar í sveitum landsins frá fyrri hluta 20. aldar	300

**Samtals****6.400**

Samantekt styrkja 2010	Fjöldi umsókna*	Fjöldi styrkja	Fjárlaganefnd	Húsafríðunarsjóður	Samtals
<b>Friðaðar kirkjur</b>	35	32		20.650	20.650
<b>Aðrar kirkjur</b>	2	2		1.200	1.200
<b>Friðuð hús</b>	22	20	7.500	6.850	14.350
<b>Hús á safnasvæðum</b>	4	4	2.000	500	2.500
<b>Reykjavík</b>	46	24		6.700	6.700
<b>Reykjanes</b>	8	5	3.800	600	4.400
<b>Vesturland</b>	13	11	7.300	2.150	9.450
<b>Vestfirðir</b>	49	38	7.400	10.700	18.100
<b>Norðurland</b>	35	27	5.100	7.400	12.500
<b>Austurland</b>	34	29	7.400	6.750	14.150
<b>Suðurland</b>	26	22	7.200	3.800	11.000
<b>Rannsóknaverkefni</b>	11	7		11.300	11.300
<b>Húsakannanir</b>	10	9		6.400	6.400
	295	230	47.700	85.000	132.700

\* Þar af eru nýjar umsóknir 70 og 36 umsóknir frá Fjárlaganefnd.

2. mars 2010



---

Heimasíða Húsafriðunarnefndar: [husafridun.is](http://husafridun.is)

Þar er meðal annars að finna:

**Skrá yfir friðuð hús** og staðsetningu þeirra á vefsíðu

**Fundargerðir Húsafriðunarnefndar**

**Lista yfir styrkveitingar úr Húsafriðunarsjóði**

**Leiðbeiningarit Húsafriðunarnefndar:**

**Trégluggar** í timburhúsum

**Gömul timburhús.** Útveggir, grind og klæðning

**Steinuð hús.** Varðveisla, viðgerðir, endurbætur og nýsteining

**Uppmæling húsa.** Uppmælingatækni, fyrirlestrar og dæmi

**Ágrip af byggingarsögu**

**Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana**

Skráningarhugbúnaður fyrir skráningu og mat á varðveislugildi húsa er hægt að nálgast á skrifstofu

**Skrá yfir húsakannanir í eigu Húsafriðunarnefndar**

